


Fastanefnd Fjórðungssambands Vestfirðinga um samgöngu- og fjarskiptamál



Skuldabréfið. Ástand samgöngu- og fjarskiptakerfis Vestfjarða

**Skýrsla til 61. Fjórðungspings Vestfirðinga
haldið á Ísafirði 4. maí 2016**

1. Fastanefnd Fjórðungssambands Vestfjarða um samgöngu- og fjarskiptamál

„Innan vébanda Fjórðungssambands Vestfirðinga starfar Fastanefnd um samgöngumál, en henni var komið á laggirnar árið 2004. Nefndin fundar reglulega og gætir hagsmuna Vestfirðinga í samgöngu- og fjarskiptamálum, stendur fyrir stefnumótun í málaflokknum, heldur málþing og þrýstir á ríkisvaldið með margvíslegum hætti. Nefndin hefur samvinnu við sveitarfélögin á Vestfirðum og ríkið eftir því sem mögulegt er. Skýrsla nefndarinnar er flutt árlega á Fjórðungsþingi Vestfirðinga og jafnan eru samþykktar þar ályktanir um samgöngumál sem beint er til stjórnvalda.“ (<http://fjorungssamband.is/samgongunefnd/>)

Kosið var í núverandi Samgöngunefnd á Fjórðungsþinginu 2014 og lokið var við skipun nefndarinnar á fundi stjórnar FV þann 23 október 2014.

Nefndin er þannig skipuð fram að Vorþingi Fjórðungssambandsins 4 maí 2016.

Aðalfulltrúar:

Sigurður Hreinsson, formaður, Ísafjarðarbæ
Ingibjörg Benediktsdóttir, Strandabyggð
Ásgeir Jónsson, Tálknafjarðarhreppi
Karl Kristjánsson, Reykhólahreppi
Nanný Arna Guðmundsdóttir, Ísafjarðarbæ

Varafulltrúar:

Baldur Smári Einarsson, Bolungarvíkurkaupstað
Pétur Markan, Súðavíkurhreppi
Magnús Jónsson, Vesturbyggð
Finnur Ólafsson, Kaldrananeshreppi
Vilberg Þráinsson, Reykhólahreppi,

Starfsár nefndarinnar að þessu sinni er óvenju stutt, þar sem einungis eru sjö mánuðir síðan síðasta Fjórðungsþing var haldið. Fundir nefndarinnar þetta tímabil voru fjórir, allt símafundir.

Sá fyrsti var 8 desember 2015. Annar símafundurinn var haldinn 5 febrúar 2016. Þriðji fundurinn var haldinn 5 apríl og fjórði fundurinn fór svo fram í aðdraganda þessa Fjórðungsþings og var haldinn þann 25 apríl.

2. Umsögn um samgönguáætlun 2015-2018

Samgöngunefnd hefur undanfarin ár komið með umsögn um frumvarp til samgönguáætlunar. Nefndin sendi frá sér umsögn um samgönguáætlun síðasta sumar og er hennar getið í skýrslu síðasta árs. Sú útgáfa að Samgönguáætlun dagaði uppi á Alþingi vorið 2015. Nefndin sendi frá sér skilaboð um framtaksskort Alþingis, á fundi sínum 5 desember 2015, þegar enn var beðið eftir að ný Samgönguáætlun yrði lögð fram: „Samgöngunefnd lýsir yfir vonbrigðum sínum á því hve illa gengur að koma áætluninni fram og skorar á ríkisstjórn og Alþingi að vinna að málinu af alvöru. Samgönguáætlun er grundvallarskjal fyrir stefnumörkun samgangna í landinu. Ólíðandi er að þriðja árið í röð skuli málið ekki vera klárað frá Alþingi.“

Fyrstu daga apríl 2016, var þingsályktunartillaga að Samgönguáætlun 2015-2018 loks lögð fram og fundaði samgöngunefnd í tilefni af því 5. apríl.

Á grundvelli umræðna á fundinum var samin umsögn um tillöguna og var sveitarfélögum gefið tækifæri til að bæta við ályktunina, og þá sérstaklega atriðum sem snúa að hafnarmálum. Umsögnin er í heild sinni svohljóðandi:

Umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga varðandi þingsályktun um fjögurra ára samgönguáætlun 2015-2018, 638. mál, 145. löggjafarþing.

Fjórðungssamband Vestfirðinga fagnar markmiðum þingsályktunartillögu að samgönguáætlun 2015-2018 og skorar á Alþingi að afgreiða málið á 145. löggjafarþingi. Hér kemur fram skýr vilji stjórnvalda um að hrinda í framkvæmd stærstu verkefnum á Vestfjörðum, sem hafa í raun verið á framkvæmdastigi nú hátt í áratug, en hefur ítrekað verið frestað.

Núverandi staða hefur þrengt mjög á framþróun atvinnulífs og samfélaga á Vestfjörðum. Þær framkvæmdir sem settar eru nú á áætlun stækka atvinnu og þjónustusvæði. Þær stytta vegalengdir frá norðanverðum og sunnanverðum Vestfjörðum inn á þjóðvegakerfi landsins og auk þess sem nær allir íbúar í þéttbýli á Vestfjörðum verða komnir í ásættanlegt vegasamband við aðra landshluta.

Fjórðungssamband Vestfirðinga lýsir hinsvegar miklum áhyggjum hversu hægt gangi að auka fjármagn til samgöngumála frá efnahagshruni 2008. Auk mikils niðurskurðar í nýframkvæmdum, þá er ástand þjóðvegakerfis orðið slæmt, ef ekki alvarlegt, vegna lækkunar á fjármagni til viðhalds og endurbóta. Á Vestfjörðum er að auki verið að glíma við viðhald á stofnvegum sem eru enn án bundins slitlags.

Fjórðungssamband Vestfirðinga leggur að lokum áherslu á að í fjögurra ára samgönguáætlun verði rannsóknafjármagn aukið til nýrra verkefna í landsamgöngum og flugsamgöngum.

Nánari sundurliðun verkefna er að finna í meðfylgjandi greinargerð auk þess sem lögð er fram til kynningar ályktun 60. Fjórðungsþings Vestfirðinga um samgöngu og fjarskiptamál.

Fyrir hönd Fjórðungssambands Vestfirðinga
Aðalsteinn Óskarson

Brýnustu verkefnin til loka tímabils áætlunarinnar 2018: (greinargerðin)

Vestfjarðarvegur nr. 60 um Gufudalssveit

Endurupptaka umhverfismats á vegaframkvæmdum á Vestfjarðavegi 60 var samþykkt á síðasta ári. Fjórðungssamband Vestfirðinga væntir þess að allir aðilar sem að því máli koma, leggi sitt að mörkum til að standast lögbundna tímaramma sem veittir eru til umsagnar um mál. Fjórðungssamband Vestfirðinga skorar síðan á Alþingi að tryggja að fullu fjármögnun þessarar framkvæmdar svo ljúka megi henni fyrir árið 2020.

Dýrafjarðargöng

Nauðsynlegt er að staðið verði við áætlanir varðandi Dýrafjarðargöng samkvæmt fyrri samgönguáætlunum. Miðað við framlagða áætlun er fjármagn minnkað á árinu 2017 um 700 milljónir og þar með er upphaf verkefnisins seinkað. Mjög mikilvægt er fyrir vaxtarbrodda atvinnulífs á Íslandi þ.e. fiskeldi og ferðaþjónustu að lok þessara framkvæmdar dragist ekki til ársins 2020 heldur verði hún kláruð á árinu 2019 eins og áætlað var í síðustu samgönguáætlun.

Dynjandisheiði, þjóðvegur 60 og 63

Á bls. 44 í þingskjali er tilgreint að „Lagt er til að framkvæmdir við endurgerð Vestfjarðavegar um Dynjandisheiði hefjist árið 2017 en um er að ræða rúmlega 30 km langan veg.“ Með tillögunni fylgir kort með hugmynd að útfærslu á endurgerð vegarins og í greinargerð kemur fram að heildarkostnaður við framkvæmdina geti numið um 4,5 milljörðum.

Fjórðungssamband Vestfirðinga gerir alvarlega athugasemd að við kynningu á tillögunni eru einungis settar fram tillögur að vegstæði vegar á milli Borgarfjarðar í Arnarfirði, frá munna Dýrafjarðarganga og í Flókalund í Vatnsfirði. Hér vantar að tilgreina að vegur um Dynjandisheiði á einnig að tengja suðurfirði Arnarfjarðar t.d. uppúr Trostansfirði eins og vegurinn er í dag. Fjórðungssamband Vestfirðinga fer þess að leit við umhverfis og samgöngunefnd að greinargerð samgönguáætlunar verði uppfærð hvað þetta atriði varðar, þannig enginn vafi sé um að hér sé um samhangandi framkvæmd.

Dýrafjarðargöng og endurbygging vegar um Dynjandisheiði felur í sér tvo meginbætur. Annarsvegar að mynda að nýtt heildstætt þjónustusvæði á Vestfjörðum og stytta aksturstríma á milli atvinnusvæðanna á sunnanverðum og norðanverðum Vestfjörðum. Hinsvegar að stytta vegalengdir frá norðanverðum Vestfjörðum og úr Arnarfirði inn á þjóðvegakerfið auk þess að létta á þungaflutningum um þjóðveg 62 - Barðastrandaveg og 63- Bíldudalsveg frá Patreksfirði til Bíldudals.

Bjarnarfjarðarháls

Fjórðungssamband Vestfirðinga leggur áherslu á að óviðunandi sé að dregið hafi úr fjármagni við uppbyggingu vegar um Bjarnarfjarðarháls og brúargerð á Bjarnarfjarðará, ef tekið er mið af þeirri samgönguáætlun sem lögð var fyrir 144. löggjafafing. Minna verður á að þessu verkefni hefur ítrekað verið frestað á síðasta áratug.

Veiðileysuháls

Mikilvægt er að uppbygging nýs vegar um Veiðileysuháls verði flýtt til ársins 2017 og hann kláraður árið 2018.

Einbreiðar brýr

Fjórðungssamband Vestfirðinga tekur undir umfjöllun samgönguáætlunar um ástand brúa. Einbreiðar brýr á stofnvegkerfi á Vestfjörðum eru um 40 og eru þær flestar komnar vel til ára sinna og ekki hannaðar fyrir þungaflutninga sem um þær fara daglega. Með vaxandi umsvifum í atvinnulífi eru þær orðnar flöskuhálsar og er eitt skýrasta dæmið um slíkt brúin í botni Tálknafjarðar. Einbreiðar brýr skapa einnig mikla hættu í umferðinni og þarf því að fara markviss í það að útrýma þeim á vegum landsins.

Vetrarþjónusta

Mikilvægt er að auka fjármagn til vetrarþjónustu. Mikil bót var af því að taka upp að nýju sjö daga snjómokstur á Vestfjarðavegi 60 og Djúpvegi 61. Flutningsaðilar hafa hinsvegar bent á að hækka þurfi þjónustuna úr flokki þrjú í flokk tvö á þessum vegum m.t.t. hálkuvarna. Einnig þarf að slípa þjónustuna til og auka þarf við snjómokstur að lögbýlum og þá sérstaklega þeim sem eru með mjólkurframleiðslu.

Þjónusta Baldurs

Fjórðungssamband Vestfirðinga telur mjög mikilvægt að þjónusta Baldurs verði aukin þar sem þungaflutningar frá sunnanverðum Vestfjörðum hafa farið ört vaxandi. Stofnvegur um Ódrjúgsháls og Hjallaháls er án bundins slitlags og þolir vegurinn ekki þessa auknu umferð. Þessi staða hefur þegar valdið fyrirtækjum verulegu tjóni með töfum á útflutningi afurða auk umframkostnaðar vegna þungatakmarkana.

Álftafjarðargöng

Auka þarf fjármagn til rannsókna er varða nýja jarðgangakosti s.s. Álftafjarðargöng og hefja undirbúning að könnun á öðrum jarðgangakostum á Vestfjörðum til frekari eflingar samfélagi og atvinnulífi á svæðinu.

Úrbætur á göngum undir Breiðadals og Botnsheiði

Með tilkomu Dýrafjarðarganga má vænta mikillar aukningar á umferð um göngin undir Breiðadals og Botnsheiði, en benda þarf á að tveir þriðju hlutar ganganna eru einbreið með útskotum. Líst er áhyggjum af þeim aukna umferðapunga og þá sérstaklega akstri ferðamanna um göngin sem ekki hafa þekkingu á aðstæðum. Til lengri tíma litið má gera ráð fyrir að breikka þurfi göngin til að koma til móts við þá auknu umferð sem um þau fara, en til skemmri tíma litið þarf að bæta merkingar og auka við umferðastýringu.

Flugvellir

Að undanskildum flugvöllum á Gjögri, þá eru allri áætlunarflugvellir á Vestfjörðum háðir verulegum takmörkunum sem ekki er hægt að bæta úr nema með þá með miklum tilkostnaði, til að teljast sem fullgildir flugvellir. Atvinnulíf og íbúar á Vestfjörðum hafa sett fram kröfu um úrbætur í þessum málum. Gera verður heildræna rannsókn á árunum 2016 og 2017, um hvar sé að finna ásættanlegt flugvallarstæði með tilliti til náttúrufars og nágrennis við þéttbýli og atvinnulíf.

Aðkallandi er hinsvegar almennt viðhald á núverandi flugvöllum á meðan beðið er eftir niðurstöðu af rannsóknum. Kalla þarf eftir fjármagni fyrir tækjageymslu á Bíldudalsflugvelli og skoða forsendur fyrir lengingu þess flugvallar. Einnig vantar fjármagn til að leggja slitlag á bílastæði á Ísafjarðarflugvelli.

Ferðamannavegir – Tengivegir

Með tillit til stefnu stjórnvalda varðandi það að setja sértækt fjármagn í ferðamannavegi er nauðsynlegt að farið verði í hönnun á endurbyggingu vega sem flokkast sem ferðamannavegir á Vestfjörðum.

Hafnir

Fjórðungssamband Vestfirðinga lýsir ánægju með að nú er gerð tillaga um aukningu framlaga til hafnarmála á Vestfjörðum s.s. í Bolungarvík og Vesturbyggð en bendir einnig á að víða vantar verulega aukið fjármagn og biður umhverfis og samgöngunefnd Alþingis að horfa til beiðna einstaka sveitarfélaga í þeim efnum.

3. Almenningsamgöngur í lofti og láði

Áætlunarflug eru mikilvægustu almenningsamgöngur Vestfirðinga

60. Fjórðungsþing Vestfirðinga haldið á Patreksfirði, 2-3 október 2015, gerði eftirfarandi samþykkt um áætlunarflug:

„Áætlunarflug á milli Reykjavíkur og Ísafjarðar, Bíldudals og Gjögers eru mikilvægustu almenningsamgöngur Vestfirðinga og lífæð byggðanna stóran hluta ársins. Brýnt er að standa vörð um þá þjónustu og öryggi sem flugsamgöngur veita íbúum á Vestfjörðum. Fagnað er að lokið er lagningu slitlags á flugvöllinn á Gjögri en samtímis er þess krafist að auknu fjármagni verði veitt til viðhalds og endurbóta á flugvöllunum á Þingeyri, Bíldudal og Ísafirði. Þá minnir Fjórðungsþing á að mikilvægi Reykjavíkurflugvallar fyrir samgöngur á milli landsbyggðar og höfuðborgar verður aldrei of oft ítrekað.

Fjórðungsþing skorar á stjórnvöld að gerð sé úttekt á mögulegum nýjum flugvallarstæðum á Vestfjörðum sem geti þjónað innanlands og millilandaflugi. Bent er á stækkun þjónustuvæðis slíks flugvallar með tilkomu Dýrafjarðarganga og nýs vegar um Dynjandisheiði. Nýr flugvöllur er mikilvæg forsenda fyrir frekari atvinnuuppbyggingu í landshlutanum.“

Ástand mannvirkja og tækjabúnaðar á flugvöllum hrakaði verulega á árunum eftir hrun, þegar fjármagn til viðhalds var skorið mjög mikið niður. Botninum hefur verið náð og má þó lofa það sem vel er gert og ber þar hæst að endurbótum á Gjögurflugvelli var lokið í sumar sem leið. Lítið fjármagn er þó sjáanlegt fyrir flugsamgöngur á næstu árum, ef marka má framlagða Samgönguáætlun og þeir fjármunir sem vænta má verða líklega notaðir á árinu 2017.

Þingeyrarflugvöllur hefur verið svotil ónothæfur eftir að flugvélar Flugfélagsins sporuðu sig niður úr slitlaginu í mars 2013. Engar fjárveitingar hafa fengist til lagfæringa og ekki útlit fyrir breytingu þar á. Samgöngunefnd lítur því svo á að Þingeyrarflugvöllur hafi verið afskrifaður og hefur Fjórðungssambandið í því ljósi byrjað að skora á Isavia og stjórnvöld að hefja athuganir á nýju flugvallarstæði fyrir norðanverða Vestfirði. Það er fyrirbyggjandi að flug til Ísafjarðar er á stutt frá þolmörkum og frekari fækkun farþega mun gera áætlunarleiðina ósjálfbæra. Besta leiðin til að tryggja flug á þessari leið er að vera með flugvöll sem hefur hærra nýtingarhlutfall og lengri nýtingardaga en núverandi völlur. Þá verður það og að teljast óásættanlegt að einungis minnihluti flugflota Flugfélags Íslands geti nýtt flugvelli á Vestfjörðum.

Á Bíldudalsflugvelli er enn beðið eftir húsnæði fyrir tækjakost vallarins. Skorað hefur verið á ríkisvaldið að tryggja fjármagn fyrir tækjageymslu jafnframt því að undirbúnings lengingar flugbrautarinnar.

Almenningssamgöngur á landi

Stjórn og framkvæmdastjóri Fjórðungssambandsins hafa unnið að samningum um almenningssamgöngur á landi í samræmi við stefnumörkun stjórnvalda, Vegagerðar og landhlutasamtaka. Tekist hefur að koma á heilsárssamgöngum á tveimur leiðum, á milli Ísafjarðar og Hólmavíkur (sem tengjast Strætó nr. 59.) og frá Patreksfirði að Brjánslæk í tengslum við Breiðafjarðarferjuna Baldur. Nýting á þessum leiðum yfir vetrartímam hefur þó verið í algeru lágmarki og fyrr í vetur var ákveðið að hætta akstri á þessum leiðum, en hefja hann aftur á vordögum.

Umsókn hefur verið send inn til Vegagerðar vegna þróunarverkefni- „almenningssamgöngur á milli Patreksfjarðar og Tálknafjarðar“. Talsverður áhugi er meðan íbúa á svæðinu fyrir þessum möguleika og er þá horft til þess að almenningssamgöngur tengi saman Bíldudal, Tálknafjörð og Patreksfjörð. Saman geta staðirnir myndað enn öflugt atvinnusvæði með reglulegum almenningssamgöngum sem og að bæta á margann hátt möguleika á sviði menningar- og íþróttamála.

4. Starfshópur um vegstæði á Dynjandisheiði

Starfshópur Vegagerðarinnar varðandi val á vegstæðum um Dynjandisheiði hefur verið „starfandi“ frá árinu 2009. Starfshópurinn á eftir að koma saman til lokafundar og afgreiða tillögu hönnuða um leiðaval. Samgöngunefnd óskaði eftir því í desember síðastliðinn, að nýjir fulltrúar sveitarfélaga yrðu skipaðir í starfshópinn þar sem núverandi fulltrúar séu nú hætt afskiptum af sveitarstjórnarmálum. Nefndin gerði tillögu að Sigurður Hreinsson og Ásgeir Jónsson verði skipaðir í hópinn í stað Sigurðar Péturssonar og Eyrúnar Ingibjargar Sigþórsdóttur. Starfshópurinn var kallaður saman 26. Apríl síðastliðinn í fyrsta skipti með nýjum fulltrúum. Formaður hópsins Gísli Eiríksson fór yfir það starf sem nefndin hafði unnið fram að því sem og að fara yfir þá hönnunarvinnu sem Vegagerðin er búin að leggja í verkefnið. Nokkuð góður samhljómur var innan hópsins um að lagt yrði til að nýr vegur um heiðina færi í stærstum atriðum um svipaðar slóðir og sá gamli fer um. Lega vegarins upp á heiðina um Pennudal og Svínadal kemur væntanlega ekki til með að breytast mikið. Áfram er reiknað með veginum um Helluskarð en vangaveltur eru um stutt göng frá Norðdalsánni og niður í Vatnahvilt ofan við Geirþjórsfjörð. Með því má halda veginum í um 300m hæð á því svæði. Reiknað er með að hópurinn fundi aftur seinnipart maímánaðar og er þá ætlunin að hópurinn skili af sér fastmótaðri tillögu.

5. Um hringtengingu ljósleiðara um Vestfirði. „Ísland ljóstengt“

„ Hringtenging ljósleiðara um Vestfirði er alger forsenda þess að atvinnulíf og samfélag Vestfjarða nái að standa jafnfætis öðrum byggðarlögum í landinu. Því er fagnað að ljúka eigi við lagningu ljósleiðara frá Hrútafirði til Hólmavíkur á þessu ári og fjármagn er sett til að ljúka lagningu ljósleiðarans frá Hólmavík til Súðavíkur. Bent er á að Drangsnæs er eini byggðakjarninn á Vestfjörðum sem er án ljósleiðara og nauðsynlegt er að tryggja fjármagn til verkefnisins. Aukið fjármagn þarf hinsvegar til að ná þeim markmiðum sem starfshópur stjórnvalda setti fram um tengingu dreifbýlis og skorar Fjórðungsping Vestfirðinga á Alþingi að tryggja fjármagn til þessa verkefnis í fjárlögum 2016.“ Þannig hljómar samþykkt frá 60. Fjórðungspingi um uppbyggingu ljósleiðaranets og hringtenging ljósleiðarans á Vestfjörðum.

Jákvæð tíðindi eru af málaflokknum og all nokkuð hefur verið framkvæmt, sérstaklega í Strandasýslu sunnan Hólmavíkur, sem klárlega munu flýta hringtengingu gagnaflutningsnets um Vestfirði. Skipst hefur þó á skini og skúrum í fréttum af lagningu ljósleiðara um Ísafjadrardjúp, en málið er þó sem stendur í jákvæðum farvegi.

Á fundi 5. Desember sl gerði nefndin eftirfarandi samþykkt, vegna umfjöllunar um fjárlagafrumvarp ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2016 og stöðu útboðs á verkefni í Ísafjadrardjúpi á árinu 2016: „*Samgöngunefnd fagnar þessum áfanga og því að fjármagni til hans er tryggt í fjárlögum 2016. Vonbrigði væri hinsvegar að ekki væri gerði tillaga um að auka fjármagn til að efla lagningu ljósleiðara í dreifbýli.*“

Fjármagnsskortur í verkefninu er stærsta áhyggjuefni nefndarinnar og að markmiðum verkefnisins verði ekki náð, ef svo fer að ríkisvaldið gefi verkefnið frá sér þegar fáir en dýrir tengipunktur verða eftir. Fastanefndar Fjórðungssambands Vestfjarða um samgöngumál og fjarskipti er þeirrar skoðunar að verkefnið „Ísland ljóstengt“ hefði gjarnan mátt vinna að utan og inn, þe. að fyrst hefðu verið kláraðir þeir tengipunktur sem fjærst eru miðju kerfisins og endað á þeim punktum sem næst liggja miðjunni.

Á fundi nefndarinnar 5. febrúar 2016 var gerð eftirfarandi samþykkt: „*Fjórðungssamband Vestfjarða vill benda á að skýrt sé tekið fram í fjárlögum að ríkið eigi að klára allar stofntengingar um land allt. Þegar því væri lokið hafi afgangur fjármagns átt að renna til verkefnisins Ísland ljóstengt. Með því að deila þeim 500 milljón krónum á þann hátt sem ákveðið hefur verið af starfshópi er hætta á að minni sveitarfélög muni ekki hafa burði til að taka þátt í þeirri samkeppni sem mun myndast. Með því aukast líkur á að minni sveitarfélög sitji eftir og þar með breikkar enn frekar bilið á þjónustustigi á milli landsbyggðar og höfuðborgarsvæðis. Ljóst er að slík aðgerð stuðlar ekki að þeirri byggðarþróun sem verkefnið átti að leiða af sér. Fjórðungssamband Vestfirðinga krefst þess að þessar tillögur verkefnahóps verði teknar til athugunar og verklagið endurskoðað. Ljósleiðaratenging er brýnt byggðamál og mun uppbygging háhraða ljósleiðara um land allt efla landsbyggðina eins og landið allt.*“

Nefndin leggur til að Fjórðungssambandið fái ráðgjafa til að greina hve mikill kostnaður geti orðið við að tengja þau sveitarfélög og bæi sem eftir eru á Vestfjörðum, ásamt því að finna út hvaða markaðslegar lausnir eru í boði. Einnig er lagt til að skipa starfshóp með einum fulltrúa úr hverju sveitarfélagi á Vestfjörðum til að halda utan um verkefnið.

6. Skuldabréfið. Staða samgöngu- og fjarskiptakerfis Vestfjarða

Núverandi nefnd hefur haft forgöngu um að vinna kort sem sýnir stöðu mála í samgöngum og fjarskiptakerfi Vestfjarða. Kortið má sjá á forsíðu þessarar skýrslu og er ætlunin að ota því að sem flestum sem einhvað hafa með samgöngu og fjarskiptamála að gera. Kortið er nokkuð einfalt og skýrt, við viljum sem mest af græna litnum og fækka eins og kostur er rauðum litum.

7. Lokaorð

Fyrir hönd Samgöngunefndar FV vill undirritaður þakka fyrir samstarfið í málaflokknum undanfarin misseri. Við sveitarstjórnarmenn sem og stjórnvöld þessa lands verðum að hafa í huga að með nútímalegri grunnþjónustu og aukinni samkeppnifærni Vestfjarða erum við að efla Ísland. Landamæri þjóðríkja stoppa ekki það unga fólk sem flýr þetta landshorn, í leit að bættem lífskjörum og tækifærum.

Sigurður Hreinsson.